

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108, Reykjavík.
B/t stjórnar.

Reykjavík, 2. mars 2015

Tillaga fyrir aðalfund Vátryggingafélags Ísland þann 12. mars 2015 – breyting á samþykktum

Með vísan til 10. gr. samþykktta Vátryggingafélags Íslands hf. („VÍS“), sbr. einnig 86. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og dagskrár aðalfundar sem auglýst var 26. febrúar sl., óskar Íscap ehf., kt. 481211-0420, sem hluthafi í VÍS, eftir því að stjórn félagsins setji, með vísan til 1. og 2. mgr. 86. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, eftirfarandi tillögu hluthafans á dagskrá aðalfundar VÍS, sem haldinn verður 12. mars nk.:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að fella brott nágildandi 26. gr. samþykktta félagsins sem fjallar um heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn féluginu.“

Rökstuðningur, skv. 2. mgr. 86. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög:

Þann 27. febrúar sl. var tilkynnt um að VÍS og slitastjórn SPRON hefðu gert með sér samkomulag um niðurfellingu dómsmáls sem höfðað var af hálfu slitastjórn SPRON með stefnu dagsettri 18. júlí 2012. Einnig kemur fram að af þessu tilefni hafi stjórn VÍS samþykkt að leysa Klakka ehf. undan áskriftarloforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af SPRON málinu, enda ljóst að ekki væri þörf fyrir skaðleysið þar sem fella ætti málið niður.

Í 26. gr. samþykktta VÍS er að finna heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn VÍS, með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki. Ákvæðið er hér í heild sinni:

„Hluthafafundur félagsins, haldinn þann 7. mars 2013, samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða í hlutum um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki.

Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í

máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn féluginu mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar, eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms, kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur féluginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkanunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar.

B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í féluginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum.

B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr féluginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar.

Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttetur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né sold innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimts að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður.

Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun.“

Þar sem það liggur fyrir samkvæmt fyrrnefndri tilkynningu félagsins að mál slitastjórnar SPRON gagnvart VÍS hefur verið fellt niður er ljóst er að þessi grein samþykktanna hefur ekki lengur sjálfstætt gildi.

Með vísan til alls ofangreinds er því lagt til að stjórn VÍS setji ofangreinda tillögu, um að núgildandi 26. grein í samþykktum VÍS verði felld úr samþykktum félagsins, á dagskrá aðalfundar Vátryggingafélags Íslands hf. þann 12. mars nk.

Virðingarfyllst,
f.h. Íscap ehf.



Birna Gísladóttir,
framkvæmdastjóri